

Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannfélagsins Sindra starfsárið 2007



Sindri



Starfsár æskulýðsnefnar Sindra árið 2007

Á aðalfundi hestamannafélagsins Sindra 23. febrúar 2007 var m.a. kosið í æskulýðsnefnd þess starfsárs og tók ný nefnd formlega til starfa á fyrsta fundi sínum 10. mars. Á þeim fundi voru lögð drög að atburðum ársins og var strax ljóst að hugur var í fólki til að leggja sig að starfinu. Í nefndinni eru: Vilborg Smáradóttir formaður, Óskar S. Þorsteinsson, Hlynur Guðmundsson, Þorgerður Jóna Guðmundsdóttir, Ásta Alda Árnadóttir og Björk Smáradóttir. Það sem á vegum æskulýðsnefndar á þessu ári var:

- Æskulýðshittingur 24. mars
- Vettvangsferð 28. apríl
- Reiðskóli Sindra 2.-9. júní
- Reiðskólasýning 10. júní
- Æskulýðsmót 28. og 29. júní
- Sett upp heimasíða
- Séð um að útvega félagsspeysur á félagsmenn
- Skemmtikvöld (tilvonandi)

Æskulýðshittingur

Laugardaginn 24. mars var krökkum boðið að hittast á Hótel Vík í Mýrdal til að kynna fyrir þeim félagsstarfið og til að eiga góða stund saman. 14 krakkar mættu á “hittinginn” sem var vonum framar og við spjölluðum saman, fórum í ratleik, lituðum í nýju hestalitabókina og horfðum á fræðslumyndband. Þetta heppnaðist mjög vel og strax var ljóst að mikill áhugi var á fjölbreyttara starfi meðal barnanna.



Vettvangsferð

Þann 28. apríl 2007 fórum við vettvangsferð með krakkana og mættu alls 23 krakkar á aldrinum 5-15 ára og var það enn framar vonum. Fyrsti áfangastaður var Ármót þar sem Hafliði Halldórsson tók á móti okkur af sinni alkunnu snilld, hann sýndi okkur húsakostinn að Ármóti og gæðinga framtíðarinnar sem hver var undan meiri gæðingnum. Við fengum að horfa á dagsprógramm tveggja mislangt kominna hesta og svo bauð Hafliði okkur inn á bar í Gos og Kaffi.

Eftir rúntinn um Ármót héldum við á Hvolsvöll þar sem við grilluðum okkur pylsur og fórum í leiki til að svala útrásarþörf ungmennanna.

Eftir grillið renndum við upp að Hemlu til Lovísu og Vignis og fengum að skoða okkur um í hesthúsinu þar, þar voru ekki síðri gæðingar og fengum við m.a. að sjá einn litföróttan stóðhest sem eru jú mjög eftirsóknarverðir þessa stundina. Okkur var svo boðið inn í fjárhús þar sem auðvitað allt var komið á fullt í sauðburði og ekki vakti það minni lukku.

Eftir heimsóknina á Hemlu skelltum við okkur svo í sund og eftir það var bein leið heim með alsæl börnin.



Reiðskóli Sindra

Reiðskóli Sindra í Vík var dagana 2. til 9. júní og tókst með afbrigðum vel þetta árið. Reiðskólinn er opinn öllum krökkum frá 5 ára aldri og ásóknin var með því besta sem hefur verið undanfarið eða um 70 krakkar. Reiðkennarar voru tveir en krökkunum var skipt niður í hópa að mestu eftir aldri, þó að hluta eftir getu. Mikla athygli vakti eins og svo oft áður hvað 5 ára krakkarnir eru dugleg og köld, þau voru að mestu inni í gerði en fóru þó 4 stutta reiðtúra útfyrir. Það er alveg afskaplega skemmtilegt að geta stuðlað að því að börn á þessum aldri sem annars hafa ekki tækifæri til að umgangast hestinn fái að taka þátt og læra umgengni við hestana. Útkoman er afar þakklát og alsæl börn.

Reiðskóli Sindra var einnig haldinn í Skálakoti dagana 4. til 11. júní og tókst einnig þar mjög vel, þar voru tveir kennarar og nemendafjöldi var 25 krakkar.



Reiðskólasýning


Reiðskólasýning var haldin 10. júní í beinu framhaldi af reiðskólanum. Þar fengu börnin tækifæri á að sýna foreldrum sínum og fleirum færni sína eftir námskeiðið. Við höfðum æft hvern hóp fyrir sig til að sýna stutta sýningu og vakti dugnaður 5 ára krakkanna mikla lukku, þau sýndu fram á að geta stjórnað hestunum í réttri röð hringinn og stoppað þegar beðið var um. Hinir hóparnir sýndu stig flóknari sýningar með allskonar slönguæfingum og þrautum. Mikla kátínu vakti líka eltsti hópurinn sem þurfti óvænt að ríða berbakt þá sýningu sem þau höfðu æft í reiðskólanum.

Æskulýðsmót

Æskulýðsmót var haldið á Sindravelli dagana 28. til 29. júní, 26 krakkar mættu sem enn verður að impra á að er vel mætt. Slegið var upp tjaldbúðum og svo var farið beint á námskeið til undirbúnings keppinnar sem börnin tóku svo þátt í á hestaþingi Sindra dagana 30. júní til 1. júlí. Börnin fengu mjög góða og nákvæma tilsögn frá Jelenu sem skilaði sér svo aldeilis vel. Eftir námskeiði var grill og kvöldvaka fram á nótt. Seinni daginn voru svo leikir, fjallaklifur og góður reiðtúr svo eitthvað sé nefnt. Jelena kom aftur þann daginn og fínþússaði enn betur sýningartækni barnanna. Eftir námskeiði var haldið heim og kraftar hvíldir fyrir morgundaginn þ.e. keppnina á hestaþinginu. Á hestaþinginu tóku alls 30 krakkar þátt í polla-, barna- og unglingaflokki sem er með betri þátttöku síðari ára en þess má geta að félagsmenn hestamannafélagsins Sindra eru 145 talsins svo leiða má líkum að því að ekki mörg félagsbörn hafi setið hjá þetta árið.

Heimasíða

Við settum upp bloggsíðu fyrir hestamannafélagið sem þó var ekki einungis ætluð æskunni. Hún var heldur hugsuð sem upplýsingasíða þar sem félagsmenn gætu komið hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri, auk þess að hún geymir helstu upplýsingar um félgsstarfið og mótaúrslit. Bloggsíðan var mikið notuð á “há tímabilinu” en er nú í dvala á meðan félagsmenn sækja í sig veðrið fyrir næstu vertíð. Slóðin á síðuna er www.hmf-sindri.bloggar.is



Félagspeysur

Við fórum einnig í það mál að finna félagspeysu á félagsmenn og útkoman varð soft shell peysa frá Cintamani. Við fengum gott verð í þessar flottu peysur og létum merkja þær hestamannafélaginu og hverjum félagsmanni ef óskað var eftir. Helmingur félagsmanna fékk sér peysu og þær hafa reynst mjög vel.

Skemmtikvöld

Til stendur að halda skemmtikvöld núna í október fyrir krakkan þar sem áætlað er að halda bingó, horfa á video, leika sér og síðast en ekki síst bara að hittast.

Krakkarnir hafa svo haft færi á að taka þátt í ýmsu á vegum hestamannafélagsins s.s. vetrarmótum, firmakeppni, vinnudegi á Sindravelli og félagsferðinni. Og það hafa þau sótt vel í. Við í æskulýðsnefndinni þetta árið erum ánægð með útkomu starfsársins hingað til enda virðist það hafa skilað sér í góðri þátttöku móta. Fátt er líka jafn gefandi og skemmtilegt og að gleðja barnshjörtu.

F.h. æskulýðsnefndar Sindra 2007
Vilborg Smáradóttir